

## FUNDARGERÐ

### 13. Fundar stjórnar þjónustuvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.

**Fundarstaður:** Hreppsskrifstofan í Vík

**Fundartími:** Þriðjudagur 9. júní 2015 kl. 13.00

**Mættir:** Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon, en auk þeirra sitja fundinn félagsmálastjórnarnir María Kristjánsdóttir, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir og Katrín Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar.

**Ritari fundarins:** Ásgeir Magnússon

### Dagskrá:

- 1. Fundargerð 91. fundar þjónusturáðs frá 15. apríl 2015.**  
Með vísan í 5. lið fundargerðarinnar telur stjórnin eðlilegt að haldnir séu tvisvar á ári samráðsfundir með fulltrúum hagsmunasamtaka fatlaðra. Stjórnin staðfestir fundargerð þjónusturáðsins.
- 2. Fundargerð 92. fundar þjónusturáðs frá 6. maí 2015.**  
Stjórnin staðfestir fundargerð þjónusturáðsins.
- 3. Fundargerð 93. fundar þjónusturáðs frá 3. júní 2015.**  
Stjórnin staðfestir fundargerð þjónusturáðsins.
- 4. Samningur við Breiðabólstað, framlenging til umræðu**  
Ásta gerði grein fyrir fundi sem haldinn hefur verið með rekstraraðilum. Unnið að endurskoðun samningsins, en ákveðið að bíða með framlengingu samningsins þar til endurmat og niðurstaða SIS mats 2015 liggur fyrir.
- 5. Beiðni um endurskoðun NPA samnings** (áður til umræðu á 11. fundi stjórnar)  
Stjórnin samþykkir að veitt verði tímabundin sólarhringsþjónusta vegna þessa samnings þar til hægt verður að tryggja einstaklingi sértækt búsetuúrræði.
- 6. Beiðni um aukið stöðugildi í Vallholti** (áður til umræðu á 11. fundi stjórnar)  
Afgreiðslu frestað.
- 7. Fjárhagsstaða málaflokksins**  
Farið var yfir fjárhagsstöðu málaflokksins. Ljóst er að skv. breytingum á SIS mati vegna ofmats, munu greiðslur til verkefnisins lækka um 35 milljónir frá því sem áður var ætlað. Þetta þýðir að áætlaður rekstrarhalli ársins samkvæmt því sem kynnt var á vofundi þjónusturáðs verður ekki 140 milljónir heldur nær 180 milljónum. Samþykkt að fara nákvæmlega yfir alla rekstrarþætti verkefnisins til að greina eins og kostur er hvaða breytingar hafa orðið á rekstri verkefnisins frá yfirtökunni.
- 8. Greinargerð um starf ráðgjafarþroskaþjálfara.**  
Lögð var fram greinargerð um starf ráðgjafarþroskaþjálfara

AS


AS


HA


**9. Heimsókn í Kerlingadal**

Fundinum lauk með því að fundarmenn heimsóttu sambýlið í Kerlingadal.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.00

  
Ásta Stefánsdóttir formaður

  
Ásgeir Magnússon

  
Aldís Hafsteinsdóttir